

## T I L L A G A

### **til þingsályktunar um að kirkjuþing skipi þriggja manna starfshóp vegna frjálsra fjárframlaga til sókna.**

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Axel Árnasyni Njarðvík.

Frsm. Axel Árnason Njarðvík.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að skipa þriggja manna starfshóp til kanna með hvaða hætti sóknir geti safnað frjálsum fjárframlögum frá sóknarbörnum til að styðja við rekstur viðkomandi sóknar.

Starfshópurinn skili niðurstöðum til kirkjuþings í mars-apríl 2023.

### Greinargerð.

Með gildistöku laga um félög til almannaheilla, nr. 110/2021, opnaðist tækifæri til að skrá sóknir í almannaheillafélagaskrá. Um leið opnast skattaívilnun vegna framlaga einstaklings í formi skattafrádráttar sem getur verið á bilinu 10 - 350 þús. kr. á almanaksári en hjóna og sambúðarfólks alls 700 þús. kr. og kemur til lækkunar á útsvars- og tekjuskattsstofni. Ekki er hægt að færa frádráttinn á milli hjóna eða fólks í sambúð og ber því að halda framlögum hvors um sig aðgreindum.

Það er mat flutningsmanns að töluverð áhætta fylgi þessu nýja og breytta fyrirkomulagi. Viðurlög, þ.e. sektir eða fangelsi allt að tveimur árum, eru við að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum félags eða öðru er það varðar í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til aðalfundar eða forráðamanna félags eða tilkynningum til almannaheillafélagaskrár.

Flutningsmaður telur brýnt að kirkjuþing setji sóknum skýrar starfsreglur um það hvernig þeim beri að haga söfnun á fjárframlögum frá sóknarbörnum.

Kostnaðaráætlun: 924.730 kr. skv. meðfylgjandi skjali kostnaðaráætlunar.